

## SKIPULAGSSKRÁ fyrir Stofnun sjálfbærnisrannsókna.

### 1. gr.

#### Heiti.

Sjálfseignarstofnunin heitir Stofnun sjálfbærnisrannsókna og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### Heimilisfang.

Heimilisfang stofnunarinnar er í sveitarfélaginu Akureyrarbæ.

### 3. gr.

#### Markmið.

Markmið stofnunarinnar, Stofnun sjálfbærnisrannsókna, er að bjóða upp á rannsóknir á sjálfbærum og umhverfisvænum lífsháttum. Markmiðið er að skapa lifnaðar- og vinnuumhverfi sem inniheldur orkunýtingu, gróðurækt og tækninýtingu sem í sameiningu vinnur að því að búa til sjálfbært umhverfi fyrir einstaklinga í nútímasamfélagi. Gróðurækt verður byggð á tækni til rafræktunnar. Unnið verður með hugmyndir Viktors Schauberger um hringiðu vatns og rannsóknir gerðar á vatnshvirfilvirkjun. Niðurstöður þessarar rannsóknar skulu vera opnar öllum og kennsla í þeirri aðferðafræði verður veitt í gegnum stofnunina. Unnið verður eftir stefnulýsingu Stofnunar sjálfbærnisrannsókna.

Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar þannig að ofangreindum markmiðum sé fylgt og skal fjármunum deilt til verkefna, en í því felast kaup á hráefnum og verkfærum til rannsókna.

### 4. gr.

#### Stofnendur.

Stofnandi stofnunarinnar er Sarah Elise Miechowski, kt. 170281-5789.

### 5. gr.

#### Stofnfé.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.351.000, sem er lagt fram af stofnanda, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í stofnuninni.

### 6. gr.

#### Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 5 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnandi tilnefnir fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn við lok kjörtímabils kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar.

Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi.

Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn. Stjórninni er heimilt að setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en hann fer þó ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir óska eftir og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur/skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting skipulagsskrár, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að framan eða skyldra markmiða.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra, 20. apríl 2022.*

**Birna Ágústsdóttir.**

*Auður Steingrímsdóttir.*